

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

04.10.2015
Tilv. 40.11

Efni: Nokkur atriði og ábendingar vegna frumvarps til laga um byggingarsjóð Landspítala (heildarlög), 4. mál á 145. löggjafarþingi 2015-2016.

Vísað er til erindis frá nefndasviði Alþingis, dags. 11.09.2015, þar sem óskað er umsagnar Landspítala um ofangreint frumvarp. Endurnýjun húsnæðis Landspítala þolir enga bið. Landspítali tekur ekki afstöðu til þess með hvaða hætti þær framkvæmdir verða fjármagnaðar en vill benda á nokkur atriði í tengslum við frumvarpið:

1. Óljóst er hvaða félagaréttarlega stöðu þessi byggingarsjóður á að hafa, þrátt fyrir að tilgreint sé að hann skuli vera „sjálfstæður sjóður“. Á hann að vera sjálfseignarstofnun? Eða B, C eða D- hluta ríkisstofnun? Í öllum tilvikum virðist þó ljóst að eignaraðild og ábyrgð liggur hjá ríkissjóði.
2. Tekjur sjóðsins eiga að hluta að vera ríkistekjur, þ.e. skatttekjur eða gjaldtaka á grunni markaðra tekjustofna. Löng reynsla er fyrir því að ríkissjóður skerði eða sníði til slíka tekjuöflun, allt „eftir þörfum“ í fjárlögum hvers árs.
3. Lántaka yrði ávallt á vegum og með ábyrgð ríkissjóðs.
4. Efasemdir má hafa um að mikilar tekjur berist þessum sjóði með styrkjum og gjöfum frá einstaklingum og fyrirtækjum.
5. Hér virðist vera gert ráð fyrir einhvers konar sjóðsmyndun, þ.e. að þarna myndist uppsafnað ráðstöfunarfé, sem síðar meir og eftir þörfum gangi í ríkissjóð til að mæta útgjöldum vegna byggingarkostnaðar nýs spítala. Slík sjóðsmyndun hjá aðila í ríkiseigu er óvenjuleg.
6. Alþjóðlegar reglur gera ríkissjóði afar örðugt fyrir að leita leiða og skipuleggja sjálfstæðar einingar til að halda tekjum og gjöldum vegna ríkisverkefna utan ríkissjóðs og ríkisreiknings hvers árs. Það á einkum og sérílagi við þegar ljóst er í upphafi til hvers „refirnir eru skornir“. Eins og löggjöf og skipulag íslenska ríkisins og heilbrigðiskerfisins er í dag verður nýr Landspítali ríkisstofnun með nokkurs konar sérleyfi á sínu sviði.
7. Ef Alþingi eða framkvæmdavald telja gagnlegt og þjóna tilgangi að aðskilja frá ríkissjóði með sértökum sjóði fjáröflun vegna nýs spítala má benda á, að til er viðeigandi sjálfseignarstofnun. Hér er átt við Landspítalaskjóð Íslands, sem stofnaður var 1916, og sem mögulega mætti nýta í þessum tilgangi. Sú sjálfseignarstofnun var hvorki stofnuð af löggjafarvaldi landsins né framkvæmdavaldi, og var strax í upphafi með þann tilgang að byggja Landspítala.

Virðingarfyllst,



Páll Matthíasson
Forstjóri LSH